

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um efnislegar samkeppnisreglur í samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, nr. 594/1993, með síðari breytingum.

1. gr.

Á eftir 2. gr. m bætist við ný grein, 2. gr. n, sem orðast svo:

Á grundvelli ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 87/1999 frá 25. júní 1999 skal eftirtalin EB-gerð öðlast gildi hér á landi, með þeim breytingum og viðbótum sem leiðir af XIV. viðauka við EES-samninginn um samkeppni, bókun I um altæka aðlögun og öðrum ákvæðum samningsins:

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1083/1999 frá 26. maí 1999 um breytingu á reglugerð (EBE) nr. 1617/93 um beitingu 3. mgr. 85. gr. sáttmálans gagnvart tilteknum flokkum samninga, ákvarðana og samstilltra aðgerða varðandi sameiginlega áætlunargerð og samræmda ferðaáætlun, sameiginlegan rekstur, samráð um fargjöld og farmgjöld í áætlunarflugi og um úthlutun afgreiðslutíma á flugvöllum.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 48. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993, öðlast þegar gildi.

Framangreind EB-gerð felur í sér breytingu á nokkrum greinum í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1617/93, sbr. reglugerðir nr. 375/1994 og 693/1996 í B-deild Stjórnartíðinda.

Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar og EB-gerðin, sem fela í sér breytingu á 11. lið b í XIV. viðauka við EES-samninginn og snerta beitingu 3. mgr. 53. gr. samningsins, eru birtar í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB (tölublað nr. 54/2000, bls. 268-270). EB-gerðin er jafnframt birt sem fylgiskjal með reglugerð þessari.

Viðskiptaráðuneytinu, 16. apríl 2002.

Valgerður Sverrisdóttir.

Jón Ögmundur Pormóðsson.

Fylgiskjal.**REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 1083/1999**

frá 26. maí 1999

um breytingu á reglugerð (EBE) nr. 1617/93 um beitingu 3. mgr. 85. gr. sáttmálans gagnvart tilteknum flokkum samninga, ákvarðana og samstilltra aðgerða varðandi sameiginlega áætlunargerð og samræmda ferðaáætlun, sameiginlegan rekstur, samráð um fargjöld og farmgjöld í áætlunarflugi og um úthlutun afgreiðslutíma á flugvöllum

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAG-
ANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3976/87 frá 14. desember 1987 um beitingu 3. mgr. 85. gr. sáttmálans gagnvart tilteknum flokkum samninga og samstilltra aðgerða á sviði flutninga í lofti ⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með lögum um aðild Austurríkis, Finnlands og Svíþjóðar, einkum 3. gr.,

að birtum drögum að þessari reglugerð ⁽²⁾,

að höfðu samráði við ráðgjafarnefndina um samkeppnishömlur og yfirburðastöðu á sviði flutninga í lofti,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Samkvæmt reglugerð (EBE) nr. 3976/87 er framkvæmdastjórninni heimilt að beita 3. mgr. 81. gr., áður 3. mgr. 85. gr. sáttmálans, með reglugerð gagnvart tilteknum flokkum samninga, ákvarðana og samstilltra aðgerða er varða flutninga í lofti sem falla undir 1. mgr. 81. gr. og taka meðal annars til sameiginlegrar áætlanagerðar og samræmdra ferðaáætlana á flugleiðum, samráðs um gjaldskrá fyrir farþega og farangur og farmflutning í áætlunarflugi, sameiginlegs reksturs í áætlunarflugi á nýjum leiðum þar sem annir eru minni og úthlutunar afgreiðslutíma á flugvöllum og flugvallaráætlunar.
- 2) Samkvæmt reglugerð (EBE) nr. 1617/93 ⁽³⁾, eins og henni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1523/96 ⁽⁴⁾, veitti framkvæmdastjórnin flokkaundanþágu fyrir framangreind efnissvið. Sú reglugerð gilti til 30. júní 1998.
- 3) Framkvæmdastjórnin hóf viðamikla rannsókn fyrir 30. júní 1998 með það að markmiði að ákvarða að hve miklu leyti rétt er að veita undanþágur fyrir þau fjögur efnissvið flutninga í lofti

sem falla undir reglugerð (EBE) nr. 1617/93. Hlutaðeigandi atvinnurekendur voru beðnir að gera úttekt á þeirri starfsemi sem þeir stunda nú á hverju hinna fjögurra efnissviða sem falla undir reglugerðina og veita upplýsingar um hvort ný fyrirtæki eigi möguleika á að hasla sér völl á markaðnum.

- 4) Draga má þá ályktun af fyrirbyggjandi niðurstöðum rannsóknarinnar og samráði við atvinnurekendur að ekki sé ráðlegt að framlengja flokkaundanþáguna vegna samninga um sameiginlega áætlunargerð og samræmdar ferðaáætlanir og samninga um sameiginlegan rekstur. Þessi ályktun er dregin á grundvelli þeirrar niðurstöðu að samningarnir, einkum ef um er að ræða bandalög, fela í sér viðtæka viðskiptasamvinnu, til að mynda tvíhliða samráð um gjaldskrár, sem ekki er unnt að veita undanþágu fyrir samkvæmt reglugerð (EBE) nr. 1617/93. Því er ekki rétt að framlengja gildistíma reglugerðar (EBE) nr. 1617/93 að því er varðar þessi tvö efnissvið, með fyrirvara um að fyrirtæki gætu mögulega notið undanþágu ein og sér samkvæmt 3. mgr. 81. gr.
- 5) Ekki reyndist unnt að ljúka rannsóknum á samningum og samstilltum aðgerðum varðandi samráð um gjaldskrár fyrir farþega og farangur þeirra í áætlunarflugi og úthlutun afgreiðslutíma á flugvöllum í tæka tíð til að samþykkja og birta nýja reglugerð fyrir 30. júní 1998.
- 6) Til að tryggja réttaröryggi hlutaðeigandi fyrirtækja og til þess að unnt sé að draga ályktanir af niðurstöðum yfirstandandi rannsókna með það í huga að samþykkja nýja reglugerð eigi síðar en 30. júní 2001 er rétt að framlengja gildistíma ákvæða reglugerðar (EBE) nr. 1617/93 um samráð um gjaldskrá fyrir farþega með farangur og úthlutun afgreiðslutíma á flugvöllum til þess dags.
- 7) Breyta ber reglugerð (EBE) nr. 1617/93 af þessum sökum.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 374, 31.12.1987, bls. 9.

⁽²⁾ Stjtið. EB C 369, 28.11.1998, bls. 2.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 155, 26.6.1993, bls. 18.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 190, 31.7.1996, bls. 11.

Nr. 312

16. apríl 2002

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

4. í stað „30. júní 1998“ í 7. gr. komi „30. júní 2001“.

1. gr.

Reglugerð (EBE) nr. 1617/93 er breytt sem hér segir:

2. gr.

1. fyrsti og annar undirliður í 1. gr. falli niður;
2. 2. og 3. gr. falli niður;
3. ii-liður í 6. gr. falli niður;

Reglugerð þessi öðlast gildi á þeim degi sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

Hún kemur til framkvæmda 1. júlí 1998.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.
Gjört í Brussel 26. maí 1999.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Karel VAN MIERT
framkvæmdastjóri.